

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 254/2014

2015/EES/71/01

frá 12. desember 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 669/2014 frá 18. júní 2014 um leyfi fyrir kalsíum-D-pantótenati og D-panþenóli sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 754/2014 frá 11. júlí 2014 um synjun um leyfi fyrir *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30068) og *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30044) sem fóðurukefni ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 106. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 305/2014) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „107. **32014 R 0669**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 669/2014 frá 18. júní 2014 um leyfi fyrir kalsíum-D-pantótenati og D-panþenóli sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 179, 19.6.2014, bls. 62).
108. **32014 R 0754**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 754/2014 frá 11. júlí 2014 um synjun um leyfi fyrir *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30068) og *Pediococcus pentosaceus* (NCIMB 30044) sem fóðurukefni (Stjtið. ESB L 205, 12.7.2014, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 669/2014 og (ESB) nr. 754/2014, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

(¹) Stjtið. ESB L 179, 19.6.2014, bls. 62.

(²) Stjtið. ESB L 205, 12.7.2014, bls. 10.

(^{*}) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.